

Pingeyjarsveit  
Anna Bragadóttir  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík, 8. maí 2024  
UST202403-416/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Nýtt deiliskipulag fyrir Þeistareykjaland og breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar - Ferðaþjónusta - Þingeyjarsveit**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu í Þeistareykjaland og breytingar á deiliskipulagi fyrir Þeistareykjavirkjun hvað varða ferðaþjónustu.

Í greinargerð kemur fram að unnið er deiliskipulag vegna ferðamennsku og ferðaþjónustu annars vegar sem breyting á gildandi deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar og hins vegar fyrir nýtt deiliskipulag þess hluta Þeistareykjalands, sem er utan marka deiliskipulags virkjunarinnar. Meginhluti áforma um nýja og bættu aðstöðu ferðamanna á svæðinu er innan deiliskipulagsmarka virkjunarinnar.

Breytingar á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar ná til akvega, göngustíga og gönguleiða, áningarstaða á áhugaverðum stöðum með lágmarksaðstöðu og upplýsingaskiltum, útsýnisstað á Ketilfjalli og loks megináningarstað með aðstöðubyggingum fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila nyrst í Þeistareykjatóni. Gamla hestúsið við Þeistareykjaskála er horfið og er ekki gert ráð fyrir endurbýggingu þess. Lóð og byggingarreitur eru felld út (L-10 og R-10).

Deiliskipulag Þeistareykjalands nær til akvega, gönguleiða og áningarstaða á áhugaverðum stöðum með lágmarksaðstöðu og upplýsingaskiltum.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru hraun og hverir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um vistkerfa og jarðminjar í tillöggunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að valdir hafa verið staðir fyrir áfangastaði þar sem jarðminjum með hátt verndargildi hefur nú þegar verið raskað, eins og hrauntröð á borsvæði N sem sýnd er á sérupprætti 05.

Óljóst er hvort að rask verði á jarðminjum á óröskuðum svæðum þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum og áningarstöðum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að jarðminjum og hverasvæðum verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á þeim þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

## Gróðurfar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021<sup>1</sup> er fjallað um friðun æðplantna, mosa og fléttna í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð. Auk þess bendir stofnunin á að mikilvægt sé að farið verði í rannsóknir á svæðinu og friðaðar plöntur kortlagðar.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**